

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 27

við Stjórnartíðindi EB

3. árgangur

22.6.1996

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

96/EES/27/01

Rekstur áætlunarflugs - Útboðsauglýsing frá Noregi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 64. lið a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins), um rekstur áætlunarflugs á áætlunarflugleiðum í Noregi.....01

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

96/EES/27/02

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands..... 05

96/EES/27/03

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands..... 05

96/EES/27/04

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands..... 05

96/EES/27/05

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands..... 06

96/EES/27/06	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands.....	06
96/EES/27/07	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands.....	06
96/EES/27/08	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 22. 4. til 10. 5. 1996.....	07
3. Dómstóllinn		
96/EES/27/09	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna.....	09
96/EES/27/10	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.....	11

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Rekstur áætlunarflugs

96/EES/27/01

Útboðsauglýsing frá Noregi, í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 64. lið a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins), um rekstur áætlunarflugs á áætlunarflugleiðum í Noregi

1. INNGANGUR

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hafa norsk stjórnvöld ákveðið að leggja á skyldur um opinbera þjónustu í svæðisbundnu áætlunarflugi frá 1. apríl 1997, eins og auglýst var í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 177, 20. 6. 1996 og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 26, 20. 6. 1996.

Ef ekkert flugfélag hefur lagt fram skrifleg gögn til samgönguráðuneytisins innan tveggja mánaða frá síðasta skiladegi fyrir tilboð, sbr. 10. lið í þessari auglýsingu, um að hefja reglubundið áætlunarflug frá 1. apríl 1997 í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu sem lagðar eru á eitt eða fleiri flugsvæði sem um getur í 2. lið þessarar auglýsingar, án þess að fara fram á bótagreiðslu eða markaðsvernd, munu norsk stjórnvöld ákveða, samkvæmt útboðstilhöguninni sem um getur í d-lið 1. mgr. 4. gr. framannefndrar reglugerðar, að takmarka aðgang að leiðunum við aðeins eitt flugfélag fyrir hvert flugsvæði og, eftir að hafa auglýst útboð, veita leyfi til að sinna þessari þjónustu frá 1. apríl 1997.

2. MARKMIÐ ÚTBODSINS

Auglýsingin hefur að geyma tíu útboð um svæðisbundna flugþjónustu í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu, eins og auglýst var í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 177, 20. 6. 1996 og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 26, 20. 6. 1996.

Flugsvæðin 10 og samsvarandi útboð eru tölusett og taka til reglubundins áætlunarflugs til og frá svæðaflugvöllum svo sem hér segir:

- 1 Vadsø, Vardø, Båtsfjord, Berlevåg, Mehamn, Honningsvåg, Hammerfest og Hasvik.
- 2 Sørkjosen.
- 3a Andenes.
- 3b Narvik (Framnes), Stokmarknes, Svolvær og Leknes.
- 4 Røst.
- 5a Mo i Rana og Mosjøen.
- 5b Sandnessjøen og Brønnøysund.
- 6 Rørvik og Namsos.
- 7a Florø, Førde, Sandane og Sogndal.
- 7b Ørsta-Volda.

Flugfélögin geta boðið í fleiri leiðir en eina, einkum ef það verður til að lækka heildarbótageiðsluna. Þó verða tilboðsgjafar að tiltaka skilmerkilega bótageiðsluna sem krafist er fyrir hvert tilboð, sem hugsanlega verður aðlöguð mismunandi tilboðum, ef aðeins einu tilboði þeirra eða nokkrum verður tekið.

3. RÉTTUR TIL AÐ GERA TILBOÐ

Öll flugfélög með gilt rekstrarleyfi útgefið í aðildarríki, samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum, geta gert tilboð.

4. TILBOÐSFYRIRKOMULAG

Þetta útboð skal vera í samræmi við d-, e-, f-, g-, h- og i-lið í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92.

Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum. Tilboðum sem berast of seint og tilboðum sem eru ekki í samræmi við útboðsauglýsinguna verður hafnað.

Samgönguráðuneytið áskilur sér rétt til að færa sér í nyt síðari samninga ef öll tilboð sem berast eru ófullnægjandi, ef aðeins einn tilboðsgjafi hefur sent inn tilboð áður en fresturinn rennur út eða ef samkeppni er á annan hátt ábótavant. Slíkir samningar skulu vera í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu og án þess að verulegar breytingar séu gerðar á upprunalegum útboðsskilmálum.

Tilboðið er bindandi fyrir tilboðsgjafa þar til tilboði hefur verið tekið.

Tilboði eða samtengdum tilboðum skal tekið með hliðsjón af lægstu heildarbótakröfunni, eða ef í einu eða fleiri tilboðum er krafist minna en 2% hæri bóta en í því lægsta, skal hagkvæmasta tilboði tekið og skal þá einnig tekið mið af fargjöldum og sætaframboði.

5. ÚTBOÐSGÖGN

Öll útboðsgögn, ásamt samningi um framsal opinberrar þjónustu, nákvæmum reglum viðvíkjandi útboðsauglýsingunni (norsk reglugerð um útboð í tengslum við skyldur um opinbera þjónustu vegna framkvæmdar 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92), stöðluðum samningi og kostnaðaráætlun fást að kostnaðarlausu hjá umbjóðanda:

Samferdselsdepartementet
Postboks 8010 Dep
N-0030 OSLO

Sími: + 47 22 24 90 90
Bréfasími: +47 22 24 95 72
Telex: 21439 sdep n.

6. BÓTAGREIÐSLUR

Innsend tilboð skulu vera í samræmi við kostnaðaráætlunina sem fylgir útboðsgögnum og tiltaka skal skilmerkilega þær bætur í norskum krónum (NOK) sem nauðsynlegar eru til að veita umrædda þjónustu frá því að starfsemi hefst og til loka samningstímabilsins, sbr. 8. lið í þessari auglýsingu. Tilboðin skulu grundvallast á verði fyrir árið sem hefst 1. apríl 1997 og skulu sundurliðuð eftir árum.

Nákvæm upphæð bótageiðslu fyrir árin frá 1. apríl 1998 og 1. apríl 1999 skal grundvallast á leiðréttingu á tekju- og rekstrarkostnaði í tilboðsáætluninni. Leiðréttingarnar skulu miðast við vísitölu vöru og þjónustu fyrir 12 mánaða tímabilið sem lýkur 15. febrúar sama ár, svo sem norska hagstofan gefur út.

Flugfélagið skal halda öllum tekjum sem verða af starfseminni og er algerleg ábyrgt fyrir útgjöldum. Ef mikilvægar og ófyrirsjáanlegar breytingar verða á forsendunum sem liggja til grundvallar staðlaða samningnum er þó unnt að krefjast viðræðna um endurskoðun á honum í samræmi við hann.

7. FARGJÖLD

Í innsendum tilboðum skal tilgreina fyrirhuguð fargjöld og forsendur þeirra. Fargjöldin skulu vera í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu sem voru birtar í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 177, 20. 6. 1996 og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 26, 20. 6. 1996.

8. GILDISTÍMI SAMNINGSINS, BREYTINGAR OG SAMNINGSLOK

Fyrir tilboð nr. 1, 2, 3a, 3b, 5a, 5b, 6, 7a og 7b gilda samningarnir frá 1. apríl 1997 og þeir renna út eigi síðar en 31. mars árið 2000.

Fyrir tilboð nr. 4 gilda samningarnir frá 1. apríl 1997 og þeir renna út eigi síðar en 31. júlí árið 1999, eða 31. mars árið 2000, leiði það ekki til hækkunar á árlegri bótakröfu.

Leiðréttingar á verði sem um getur í 6 gr. í þessari auglýsingu og árleg endurskoðun á framkvæmd samningsins skal fara fram í samráði við flugfélagið síðustu tvo mánuðina fyrir daginn sem þjónustan hófst.

Ekki er heimilt að breyta samningnum nema að breytingarnar séu í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu sem voru birtar í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 177, 20. 6. 1996 og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 26, 20. 6. 1996. Allar breytingar á samningnum skulu skráðar í viðbæti við hann.

Flugfélagið getur sagt upp samningnum með sex mánaða fyrirvara.

9. SAMNINGSBROT/-UPPSÖGN

Ef samningurinn er brotinn á gróflagan hátt er unnt að segja honum upp af öðrum hvorum aðilanum og tekur uppsögnin þegar í stað gildi.

Með hliðsjón af takmörkunum í gjaldþrotalögum, getur samgönguráðuneytið sagt samningnum upp ef flugfélagið kemst í greiðsluþrot, hefur skuldajöfnunarmál eða verður gjaldþrota og tekur uppsögnin þegar í stað gildi. Einnig getur samgönguráðuneytið sagt upp samningnum í öðrum tilvikum sem um er fjallað í 12 gr. í reglugerðinni um útboðstilhögun í tengslum við skyldur um opinbera þjónustu, sem er að finna í útboðsgögnunum.

Ef flugfélagið er vegna óviðráðanlegra aðstæðna ófært um að uppfylla skyldur um opinbera þjónustu sem kveðið er á um í samningnum í meira en fjóra mánuði á næstliðnum sex mánuðum er heimilt að segja samningnum upp skriflega með eins mánaðar fyrirvara.

Samgönguráðuneytinu er heimilt að segja samningnum upp og tekur uppsögnin þegar í stað gildi, ef flugfélagið missir leyfi sitt eða fær það ekki endurnýjað.

Óháð hugsanlegum skaðabótakröfum, skal óregluleg þjónusta leiða til lækkunar bóta í hlutfalli við flug sem falla niður.

10. SKILADAGUR Á TILBOÐUM

Tilboðin skulu send í ábyrgðarpósti með kvittun fyrir móttöku, þar sem pósthimpill gildir sem sönnun fyrir sendingu, eða afhent persónulega gegn kvittun, á eftirfarandi heimilisfang:

Samferdselsdepartementet
Akersgt. 59
Postboks 8010 Dep
N-0030 OSLO

eigi síðar en 10 vikum frá dagsetningu þessarar auglýsingar, kl. 15.00 (að staðartíma).

Öll tilboð skal leggja fram í þremur eintökum.

11. GILDI ÚTBOÐSAUGLÝSINGARINNAR

Þessi útboðsauglýsing gildir svo fremi að ekkert EES-flugfélag⁽¹⁾ hafi tveimur mánuðum fyrir síðasta skiladag tilboðs, sbr. 10. lið þessarar auglýsingar, sótt um leyfi til að starfrækja áætlunarflug með gildistöku fá 1. apríl 1997 í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu án þess að til komi bætur eða markaðsvernd.

⁽¹⁾ Með „EES-flugfélagi“ er átt við bandalagsflugfélag eða flugfélag með gilt rekstrarleyfi sem gefið er út af EFTA-ríki sem aðild á að EES-samningnum í samræmi við gerðina sem um getur í 66. lið b í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EEB) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum).

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt
a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

96/EES/27/02

Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands

Frönsk yfirvöld hafa ákveðið að gera opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Rennes og Toulouse að skyldu í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (sjá nánari útlíun í Stjtfð. EB nr. C 151, 25. 5. 1996).

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt
a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

96/EES/27/03

Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands

Frönsk yfirvöld hafa ákveðið að gera opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Brest og Lyon (Satolas) að skyldu í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (sjá nánari útlíun í Stjtfð. EB nr. C 151, 25. 5. 1996).

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt
a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

96/EES/27/04

Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands

Frönsk yfirvöld hafa ákveðið að gera opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli flugvallanna Cherbourg-Maupertus og Parísar-Orly að skyldu í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (sjá nánari útlíun í Stjtfð. EB nr. C 151, 25. 5. 1996).

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt
a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

96/EES/27/05

**Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan
Frakklands**

Frönsk yfirvöld hafa ákveðið að gera opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Rennes og Bâle-Mulhouse að skyldu í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. C 151, 25. 5. 1996).

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt
a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

96/EES/27/06

**Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan
Frakklands**

Frönsk yfirvöld hafa ákveðið að gera opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Biarritz/Pau og (Satolas) og milli Biarritz/Pau og Marseille að skyldu í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. C 151, 25. 5. 1996).

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt
a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

96/EES/27/07

**Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan
Frakklands**

Frönsk yfirvöld hafa ákveðið að gera opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Rennes og Lille að skyldu í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. C 151, 25. 5. 1996).

ÍSLÆNSK ÚTGAFA

Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 22. 4. til 10. 5. 1996

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu- fjöldi
COM(96) 157	CB-CO-96-169-EN-C ⁽¹⁾	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um sameiginlega markaðsstaðla fyrir tiltekna fiskafurðir	19.4.1996	22.4.1996	26
COM(96) 182	CB-CO-96-190-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um skipamiðlun og verðlagningarkerfi fyrir innanlands- og millilandaflutninga á skipgengum vatnaleiðum í bandalaginu Breytt tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum Breytt tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1107/70 um aðstoð vegna flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum	22.4.1996	22.4.1996	7
COM(96) 178	CB-CO-96-187-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EB) nr. 3078/95 um úthlutun aflakvóta til aðildarríkjanna árið 1996 fyrir skip sem veiða í færeyskri landhelgi	22.4.1996	23.4.1996	6
COM(96) 180	CB-CO-96-189-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EB) nr. 3077/95 um tiltekna ráðstafanir í tengslum við verndun og stjórnun fiskimiða árið 1996 og gilda um skip sem sigla undir fána Færeyja	22.4.1996	23.4.1996	6
COM(96) 155	CB-CO-96-179-EN-C	Elise (European loan insurance scheme for employment - evrópskt tryggingakerfi vegna lána til atvinnumála) - Traust byggt upp með endurnýjuðum fjárfestingum og sköpun nýrra starfa Tillaga að ákvörðun ráðsins um lánsábyrgðir vegna fjárfestinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem skapa ný störf	10.4.1996	24.4.1996	13
COM(96) 179	CB-CO-96-188-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EB) nr. 3090/95 um tiltekna ráðstafanir fyrir árið 1996 varðandi verndun og stjórnun fiskimiða á umráðasvæðinu eins og það er skilgreint í samningnum um framtíðarsamvinnu um fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi	25.4.1996	26.4.1996	11
COM(96) 189	CB-CO-96-197-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins um fjórðu breytingu á reglugerð (EB) nr. 3699/93 um viðmið og fyrirkomulag varðandi skipulagsaðstoð bandalagsins á sviði fiskveiða og fiskeldis og vinnslu og markaðssetningu fisk- og fiskeldisafurða	30.4.1996	30.4.1996	6
COM(96) 93	CB-CO-96-152-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um breytingu á tilskipun 76/207/EBE um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkunum, sem og varðandi starfskjör	27.3.1996	2.5.1996	8

⁽¹⁾ „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af stjórnmáli þann	Sent til ráðsins þann	Bladsíðu- ljóði
COM(96) 185	CB-CO-96-194-EN-C	Álit framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt d-lið 2. mgr. 189. gr. b í EB-sáttmálanum um breytingar Evrópuþingsins á sameiginlegri afstöðu ráðsins varðandi tillögu að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um viðbótarvermdunarovottorð fyrir plöntuvarnarefni	2.5.1996	2.5.1996	5
COM(96) 186	CB-CO-96-195-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tækniröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála	3.5.1996	3.5.1996	6
COM(96) 50	CB-CO-96-061-EN-C	Breytt tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um að viðhalda innlendum lögum sem banna ákveðin aukefni við framleiðslu ákveðinna matvæla	6.5.1996	6.5.1996	4
COM(96) 194	CB-CO-96-203-EN-C	Breytt tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um að samþykkja áætlun til margra ára um að efla alþjóðlega samvinnu á sviði orkumála - Starfsmögnunaráætlun	6.5.1996	6.5.1996	14
COM(96) 195	CB-CO-96-204-EN-C	Breytt tillaga að ákvörðun ráðsins um áætlun til margra ára um að stuðla að orkunýtni í bandalaginu - SAVE II	6.5.1996	6.5.1996	17
COM(96) 219	CB-CO-96-230-EN-C	Breytt tillaga að ákvörðun ráðsins um aðgerðaráætlun bandalagsins á sviði almannavarna	8.5.1996	8.5.1996	13
COM(96) 190	CB-CO-96-198-EN-C	Skýrsla um beitingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 684/92 frá 16. mars 1992 um sameiginlegar reglur um farþegaflutninga milli landa með hópferðabifreiðum	10.5.1996	10.5.1996	47
COM(96) 197	CB-CO-96-206-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins - mat á árangrinum sem hefur náðst með Tempus-áætluninni fram til þessa og viðhorf gagnvart frekari þörfum þátttökuríkja.	8.5.1996	10.5.1996	34
COM(96) 198	CB-CO-96-207-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins um breytingu á ákvörðun 93/246/EBE frá 29. apríl 1993 um að samþykkja annan hluta samevrópskrar samstarfsáætlunar á æðra menntastigi (Tempus II) (1994 til 1998)	8.5.1996	10.5.1996	29
COM(96) 201	CB-CO-96-213-EN-C	Álit framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt d-lið 2. mgr. 189. gr. b í EB-sáttmálanum um breytingar Evrópuþingsins á sameiginlegri afstöðu ráðsins varðandi tillögu að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um að samþykkja aðgerðaráætlun bandalagsins til að koma í veg fyrir vanabundna fíkniefnanotkun innan ramma aðgerðar á sviði almannaheilbrigðis (1996 - 2000)	8.5.1996	10.5.1996	30

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

96/EES/27/09

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 7. mars 1996 í máli C-334/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum sínum - skipaskráning - réttur til að flagga franska fánanum - skilyrði um ríkisfang fyrir eiganda og áhöfn - dómi í máli 167/73 ekki fullnægt).

Mál C-62/96: Mál höfðað þann 7. mars 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-90/96: Beiðni um forúrskurð frá Tribunale Amministrativo Regionale per il Veneto - önnur deild - samkvæmt fyrirætlum þess dómstóls frá 14. desember 1995 í máli David Petrie, Robert Hill og David John Newbold gegn Università degli Studi di Verona, í viðurvist Camilla Bettoni.

Mál C-94/96: Mál höfðað þann 25. mars 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-95/96 og C-96/96: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Commerce de Marseille, samkvæmt dómi þess dómstóls frá 1. mars 1996 í máli U.R.S.S.A.F. des Bouches-du-Rhône gegn Clinique de la Pointe Courte SA, meðalgöngumaður: Jean Chouraqui (C-95/96) og í máli U.R.S.S.A.F. des Bouches-du-Rhône gegn Clinique Florens SA, meðalgöngumaður: Jean Chouraqui (C-96/96).

Mál C-101/96: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Roma, Tivoli Division, samkvæmt fyrirætlum þess dómstóls frá 21. febrúar 1996 í málaferlum sem standa yfir fyrir þeim dómstól gegn Italia Testa.

Mál C-102/96: Mál höfðað þann 27. mars 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Mál C-103/96: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal d'Instance, Lille, samkvæmt dómi þess dómstóls frá 19. mars 1996 í máli Directeur Général des Douanes et Droits Indirects gegn Eridania Béghin-Say S.A.

Mál C-105/96: Beiðni um forúrskurð samkvæmt fyrirætlum Supremo Tribunal Administrativo (önnur deild - skattamál) frá 28. febrúar 1996 í málaferlum sem standa yfir fyrir þeim dómstól milli Codiesel - Sociedade de Apoio Técnico à Indústria, Lda, og Conselho Técnico Aduaneiro.

Mál C-107/96: Mál höfðað þann 3. apríl 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni.

Mál C-108/96: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Première Instance de Bruxelles samkvæmt dómi þess dómstóls frá 27. mars 1996 í máli Procureur du Roi, einkaaðili: Union Professionnelle Belge des Médecins Spécialistes en Ophtalmologie et Chirurgie Oculaire gegn Dennis MacQueen o.fl., ábyrgðaraðili samkvæmt einkamálarétti: Vision Express Belgium SA.

Mál C-109/96: Mál höfðað þann 3. apríl 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-110/96: Mál höfðað þann 3. apríl 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

(1) Sjá Stjtið. EB nr. C 158, l. 6. 1996.

Mál C-111/96: Mál höfðað þann 3. apríl 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-112/96: Mál höfðað þann 3. apríl 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-113/96: Beiðni um forúrskurð frá Bundessozialgericht samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 8. febrúar 1996 í máli 1) Manuela Gomez Rodriguez og 2) Gregorio Gomez Rodriguez gegn Landesversicherungsanstalt Rheinprovinz.

Mál C-114/96: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Police, Lúxemborg samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 2. apríl 1996 í máli Ministère Public gegn René Kieffer og Romain Thill.

Mál C-115/96: Beiðni um forúrskurð frá Tullilautakunta samkvæmt bráðabirgðafyriræmum þess dómstóls frá 27. mars 1996 í máli höfðað af Outokumpu Oy.

Mál C-116/96: Beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 8. febrúar 1996 í máli Reisebüro Binder GmbH gegn Finanzamt Stuttgart-Körperschaften.

Mál C-117/96: Beiðni um forúrskurð frá Østre Landsret samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 27. mars 1996 í máli Danmarks Aktive Handelsrejsende fyrir hönd Carina Mosbæk gegn Lønmodtagernes Garantifond.

Mál C-118/96: Beiðni um forúrskurð frá Länsrätten i Kopparberg, samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 22. mars 1996 í máli Jessica Safir gegn skattayfirvöldum í Kopparberg.

Mál C-119/96 P: Áfrýjað var þann 15. apríl 1996 af Susan Ryan-Sheridan dómi uppkveðnum þann 15. febrúar 1996 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (þriðja deild) í máli T-589/93 milli Susan Ryan-Sheridan og European Foundation for the improvement of living and working conditions.

Mál C-121/96: Beiðni um forúrskurð frá Landesarbeitsgericht Hamburg samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 29. mars 1996 í deilumáli milli Sultan Bulut og Deutsche Bundespost.

Mál C-124/96: Mál höfðað þann 17. apríl 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríknu Spáni.

Mál C-125/96: Beiðni um forúrskurð frá Hessisches Finanzsgericht samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 26. mars 1996 í máli Hartmut Simon gegn Hauptzollamt Frankfurt am Main.

Mál C-128/96: Beiðni um forúrskurð frá Tribunale di Genova - Prima Sezione Civile - samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 1. febrúar 1996 í máli Trinity Alimentari Italia SPA gegn Ministero delle Finanze dello Stato.

Mál C-82/95 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-83/95 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-159/95 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 96/EES/27/10

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 24. apríl 1996 í sameinuðum málum T-551/93, T-231/94, T-232/94, T-233/94 og T-234/94: Industrias Pesqueras Campos SA o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (fjárhagsstuðningur bandalagsins - beiðni um bætur vegna vanrækslu á greiðslu - beiðni um ógildingu á ákvörðunum um að afturkalla aðstoð).

Mál T-22/96: Mál höfðað þann 22. febrúar 1996 af J. Langdon Limited gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

(¹) Sjá Stjórn. EB nr. C 158, 1. 6. 1996.